

54. fundur

Atvinnumálanefnd Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 27. ágúst 2002 kl. 18:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri, Magnús Bæringsson, Sæþór H. Þorbergsson, Björgvin Guðmundsson, Þorsteinn Sigurðsson og Sigríður Elísdóttir.

Óli Jón setti fundinn og lagði til að Magnús yrði formaður, sem var samþykkt einróma.

Magnús tók til máls og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að fundarritari yrði Sigríður, sem var samþykkt, og ritar hún fundinn. Engin dagskrá lá frammi fyrir fundinum þar sem þetta var fyrsti fundur nýkjörinnar atvinnumálanefndar.

Óli Jón kynnti markmið atvinnumálanefndar, stjórnskipulega stöðu, hlutverk, starfshætti, eftirfylgni, réttindi og skyldur nefndarmanna, lög og reglugerðir og skipan nefndarinnar.

Rætt var ástand atvinnu í Stykkishólmi í vetur og sagði Óli Jón frá því að einungis 400 tonn þorkígildis hafi hlotist í bætur vegna skerðingar á skelkvóta. Þá sagði hann að sótt hafi verið um byggðakvóta. Þetta komi þó engan veginn til með að bæta skerðinguna sem varð.

Rætt var hvort einhver fyrirtæki hafi sýnt áhuga á að flytjast til Stykkishólms og svaraði Óli Jón því til að eingungis eitt fyrirtæki, sér vitanlega, sé að hugsa málið. Hann sagði þó vilja fyrir því hjá Bæjarstjórn að styðja við bakið á þeim með húsnæðismál, en það þyrfti þá að vera algjörlega fast í hendi.

Mikið var rætt hvernig hægt væri að fá fyrirtæki til bæjarins og jafnframt styðja við bakið á þeim sem hér séu fyrir.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Björgvin Guðmundsson (sign.),
Þorsteinn Sigurðsson (sign.),
Magnús Bæringsson (sign.),
Óli Jón Gunnarsson (sign.),
Sæþór H. Þorbergsson (sign.),
Sigríður Elísdóttir (sign.).

Íhs.